

Auðarskóli -deildarstjóri á leikskóla

Auðarskóli óskar eftir deildarstjóra á leikskóla til afleysinga frá og með 31. júlí. Umsóknarfrestur er til **10. maí** 2017.

Helstu verkefni eru að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu deildarstjóra á leikskóla.

Hæfniskröfur eru leikskólakennaramenntun, færni í samskiptum, frumkvæði í starfi, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð, stundvísi og góð íslenskukunnátta.

Upplýsingar um starfið veitir Hlöðver Ingi Gunnarsson skólastjóri Auðarskóla í síma 430 4757. Umsóknir berist á netfangið hlodver@audarskoli.is ásamt meðmælum og ferilskrá.

Auðarskóli - kennarastöður

Auðarskóli óskar eftir að ráða í tvær stöður kennara fyrir skólaárið 2017-2018. Um er að ræða 77% stöðu á unglíngastigi og 100% stöðu á miðstigi.

Kennsla á unglíngastigi er í smíðum, ensku og dönsku.

Umsjónarkennsla á miðstigi er í stærðfræði, upplýsingatækni og náttúrufræði.

Mikilvægt er að umsækjendur búi að færni í samskiptum, frumkvæði í starfi, sjálfstæðum og skipulögðum vinnubrögðum og góðri íslenskukunnátta

Einnig þurfa umsækjendur að vera tilbúnir að vinna eftir stefnu Auðarskóla í teymiskennslu.

Umsækjendur þurfa að hafa leyfisbréf til þess að kenna í grunnskóla.

Umsóknir um starfið berist á netfangið hlodver@audarskoli.is. Með umsóknum þurfa að fylgja ferilskrár og ábendingar um meðmælendur. Umsóknarfrestur er til **12. maí** 2017.

Upplýsingar um starfið veitir Hlöðver Ingi skólastjóri í síma 430 4757.

Félagsleg heimaþjónusta í Dalabyggð

Sveitarstjórn hefur samþykkt nýjar reglur um félagslega heimaþjónustu sem finna má á heimasíðu Dalabyggðar. Verkstjóri heimaþjónustu er Ragnheiður Pálsdóttir. Sími Ragnheiðar er 849 2725 og tölvupóstur heimathjonusta@gmail.com



DALAPÓSTURINN

6. tölublað, 10. árgangur
25. apríl 2017

Sjálfbóðaliðaverkefni

Umsóknarfrestur um sjálfbóðavinnuverkefni Dalabyggðar er til **6. maí**. Byggðarráð afgreiðir umsóknir. Íbúar eru hvattir til að nýta sér þetta til að hrinda í framkvæmd brýnum umhverfisverkefnum í sínu næsta nágrenni.

Almenn skilyrði fyrir úthlutun framlaga eru að umsækjandi eigi lögheimili í Dalabyggð, sé ekki í vanskilum við sveitarfélagið og að umsókninni fylgi lýsing á verkefni og kostnaðaráætlun. Forsvarsmáður verkefnis skal hafa samráð við verkstjóra Dalabyggðar um framkvæmd verkefnisins.

Reglur og umsóknareyðublöð um sjálfbóðavinnuverkefni er að finna á heimasíðu Dalabyggðar.

Vinnuskóli – liðveisla

Tvö störf við félagslega liðveislu við Vinnuskóla Dalabyggðar eru laus til umsóknar. Um sumarstörf er að ræða.

Starfsmenn sem sinna félagslegri liðveislu starfa með og undir stjórn verkstjóra vinnuskólans og fylgja sínum skjólstæðingi. Starfstími vinnuskólans er 6. júní – 31. júlí og daglegur vinnutími kl. 8– 16. Hugsanlegt er að ráða starfsmenn einnig í ágústmánuði enda verði þá unnið við almenn umhverfisstörf.

Æskilegt er að umsækjandi sé 20 ára eða eldri og hafi reynslu af því að vinna með börnum.

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu og á skrifstofu Dalabyggðar. Umsóknarfrestur er til **30. apríl** 2017.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur